

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands (Eiríkur) Læknagarður (örverur)



Dags eftirlits	12.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Háskóli Íslands (Eiríkur)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Vatnsmýrarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-2039	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Steingrímsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigríður Klara Böðvarsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Lífvísindaseturs til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur. Engin frávik komu fram og engar ábendingar settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Lífvísindaseturs fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar örverur af flokki I og II í Læknagarði og að Sturlugötu 8. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3)
4. Skoðunarferð

Farið var yfir umfang starfseminnar og hvort einhverjar breytingar væru í farvatninu. Fram kom að engar breytingar væru fyrirhugaðar en nýlega hefði verið tekin í notkun aðstaða til rannsókna á erfðabreyttum örverum í afmörkunarflokki II að Sturlugötu 8 sem er í samræmi við ákvæði leyfisins.

Rætt var um varnir gegn mengun ytra umhverfis og innra eftirlit; meðhöndlun úrgangs, skráningar, förgun, þjálfun starfsfólks, skráningar, vinnudagbækur o.þ.h. Verkferlar eru í samræmi við ákvæði leyfisins.

Fram kom að nýlega hafi verið komið á stöðu gæðastjóra og er verið að rýna verkferla og koma sem flestum skráningum á rafrænt form.

Farið var í skoðunarferð um starfsaðstöðu í Læknagarði og að Sturlugötu 8. Aðstaðan var öll snyrtileg, verkferlar virkir og ekki tilefni til athugasemda.

ANNAÐ

Einnig var viðstödd eftirlitið Arna Steinunn Jónsdóttir fyrir hönd Lífvísindaseturs.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.06.2021

Sigríður Magnúsdóttir